RAFRÆNT UNDIRRITAÐ
Sigurður Unnar Sigurðsson
Kt. 2907724279
Dags. 3.5.2023 13:46:17
Ástæða: Undirritun

RAFRÆNT INNSIGLAÐ
Umhverfis- og tæknisvið Uppsveita bs.
Dags. 3.5.2023 13:51:59
Ástæða: Samþykkt byggingarfulltrúa 03.05.2023.




## GRUNNMYND
Mkv 1:100




## ÚTLIT OFANFRÁ
Mkv 1:100




## SNIÐ A1
Mkv 1:100



## ÚTLIT
Mkv 1:100



## ÚTLIT
Mkv 1:100

SKÝRINGAR:

Málsetningar á afstöðumynd eru í metrum. Aðrar málsetningar eru í mm. Hæðarkóti er í metrum og miðar við að gólfkóti sé K:0.00. Raunkóti er ekki þekktur.

NF GÓLFNIÐURFALL
LR NÁTTÚRULEG LOFTSKIPTI
VLR VÉLRÆN ÚTLOFTUN

ST SLÖKKVITÆKI
RS REYKSKYNJARI
→ RÝMINGARLEIÐ
ÚT ÚT-MERKING
UD UPPDRÁTTUR FLÓTTALEIÐA

BYGGINGARLÝSING:

Hér er um að ræða gistihús (gistihvelfingu) í Hvítuborgum í Grímsnes- og Grafningshreppi.

| | |
|---|---|
| Matshluti | 01 |
| Landnúmer | L218057 |
| Staðgreinir | 8719-2-00080013 |
| Grunnflötur | 70.9 m² |
| Rúmmál | 238.7 m³ skv. skráningartöflu |

Yfirbygging mannvirkisins er háfkúla, borin uppi af stálgrind, klædd af með tvöföldu lagi af dúk. Innan hvelfingarinnar verður innréttað rými fyrir baðherbergi, eldunaraðstöðu og svefnaðstöðu. Útlitsmyndir hér eru fengnar af heimasíðu framleiðenda https://fdomes.com/

Hvítuborgir eru 65.7 hektara land. Auglýsing um gildistöku deiliskipulags svæðisins var birt í B-deild stjórnartíðinda 27.02.2023. Aðkoma er af Biskupstungnabraut, um 1.5 km vestan við þéttbýlið á Borg.

Fyrirhugað er að leigja húsið út ferðafólki til skamms tíma. Við hönnun er fylgt ákvæðum reglugerðar um veitinga, gististaði og skemmtanahald (1277/2016). Húsið er í flokki II (gististaður án veitinga), tegund h) (frístundahús).

**UNDIRSTÖÐUR/GÓLFPLATA** eru úr járnbentri steinsteypu.

**BURÐARVIRKI** yfirbyggingar er zinkhúðuð stálgrind sem myndar þríhyrninga/fimmhyrninga og boltast saman á tengipunktum. Fyrir liggja útreikningar framleiðenda á burðarþoli virkisins í samræmi við álag sem tilgreint er í íslenskum þjóðarviðaukum við evrópsku þolhönnunarstaðlana. Hönnuður burðarvirkis áritar uppdrátt þennan því til staðfestingar.

**UTANHÚSS KLÆÐNINGAR OG EINANGRUN:** Yfirbyggingin verður klædd tveggja laga Polyester-dúk. Samkvæmt gögnum framleiðenda uppfylla dúkarnir eftirfarandi kröfur um brunaþol: Ytra lagið - (745): B-s2 d0 skv EN 13501-1 og B1 skv DIN 4102-1. Innra lagið - (Iso): B-s2 d0 skv EN 13501-1 og B1 skv DIN 4102-1. Undir gólfplötu verður einangrað með 100mm polystyren.

**HURÐIR OG GLUGGAR:** Aðalhurð mannvirkis er álhurð með tvöföldu gleri. Þakgluggi og gluggi að alrými eru úr plasti úr sama efni og ytri dúkur.

**INNRÉTTAÐ RÝMI** verður byggt upp úr timbri. Klæðningar verða ekki lakari en í flokki 2.

**LOFTRÆSTING:** Þrjár loftræstitúður eru á hvelfingunni fyrir náttúruleg loftskipti. Vélrænt útsog kemur til þegar heitt er í veðri. Vélræn loftræsting er úr baðherbergi, lögð í gólfplötu. Aðstreymi lofts frá aðliggjandi rými.

**UPPHITUN** er með varmadælu sem tengd er rafmagni og miðar við að halda hvelfingunni frostfrírri þegar ekki er dvalið á staðnum.

**NEYSLUVATN:** Inntak fyrir neysluvatn er staðsett í baðherbergi. Heitt neysluvatn er hitað upp með rafmagni. Lagnir verða í eða undir steyptri plötu. PEX-lagnir í hlífðarkápu að töppunarstað. Gætt verður að því að hiti vatns við töppunarstaði sé lægri en 65 C°.

**FRÁRENNSLI:** Skolplagnir tengjast rotþró. Frágangur rotþrór verður skv. reglugerð 797/1999 og leiðbeiningum Umhverfisstofnunar um minni fráveitur (útgefnar í október 2022).

**RAFLAGNIR** eru lagðar inni í veggi og loft innréttaðs rýmis. Lagnir eru ísteyptar að tenglum í gólfi. Að ljósalömpum í lofti verða lagnir utanáliggjandi. Töfluskápur er staðsettur utan á innréttuðu rými gegnt inngangi.

**BRUNAVARNIR:** Megin flóttaleið er um aðalinngang. Önnur flóttaleið er um hurð út á verönd. Flóttaleiðir verða merktar með sjálflýsandi ÚT-merkjum. Uppdráttur flóttaleiða verður sýnilegur gestum samkvæmt grein 9.5.2 í byggingareglugerð. Handslökkvitæki og reykskynjarar eru merktir inn á grunnmynd. Næsta slökkvistöð er á Laugarvatni í um 18 km fjarlægð. Aðgengi að slökkvivatni er á Borg.

**SORP** sem til fellur er afsett á gámasvæðum sveitarfélagsins, flokkað skv. reglum hverju sinni.

LÓÐ: Bílastæði fyrir gesti eru tvö við húsið. Verönd með setlaug snýr mót suðri. Setlaug verður í meira en 40 cm hæð frá verönd og með læsanlegu loki.

SKRÁNINGARTAFLA:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| **Skráningartafla:** | Hvítuborgir - Gistihvelfing | | **Skrásetjari:** | Sigurður Unnar Sigurðsso |
| **Landeignanúmer:** | L2108057 | Prenta | **Kennitala:** | 290772-4279 |
| **Matshlutanúmer:** | 01 | Útgáfa: 5.00 | **Dags.:** | 1.3.2023 |

| **Uppskipting og lýsing** | | | | | **Stærðir** | | | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| D0 | D1 | D2 | D3 | D4 | D5 | D5M | D6 | D7 | D8 | D9 | D10a | D10b | D11 | D12 | D13 | D14 | D15 |
| Lokun | Rými hæð-röð | Notkun texti | Höfuð-flokkun | Eignar-hald | Botnflötur m² | Milliflötur m² | Stigar m² | Op m² | Brúttóflötur m² | Brúttóflötur sh < 1,8 | Salarhæð min | Salarhæð max | Brúttó rúmmál m³ | Nettóflötur m² | Birt flatarmál m² | Reiknitala skiptarúmmáls | Skipta-rúmmál m³ |
| | | **Matshluti** | | | 70.9 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 70.9 | 10.2 | | | 238.7 | 60.1 | 60.7 | | 190.517 |
| | | **Botn** | | | | | | | | | | | 14.2 | | | | |
| | 01 | **1. Hæð** | | | 70.9 | 0.0 | 0.0 | 0.0 | 70.9 | 10.2 | | | 224.5 | 60.1 | 60.7 | | |
| A | 0101 | **Gisthvelfing** | N | 0101 | 70.9 | | | | 70.9 | 10.2 | 1.80 | 4.75 | 224.5 | 60.1 | 60.7 | 3.17 | 190.517 |
| C | 0102 | **Verönd** | U | 0101 | 58.0 | | | | 58.0 | | | | | | | | |

**Athugasemdir**

| hald | texti | m² | m³ án | sameign m³ |
|---|---|---|---|---|
| 0101 | **Gisthvelfing** | 60.7 | 190.517 | 190.517 |
| | **Alls** | **60.7** | 190.517 | **190.517** |

| | | **Botnplata** | | **Hjúpfletir** | Þar af: | | Þar af: | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | Lóð m² | Botnplata m³ | Botnplata m² | Útveggir m² | Glugga- og dyraop m² | Þak m² | Þakgluggar og þakop m² | Efsti hæðarkóti | Ummál ofanjarðar |
| **Matshluti** | | 14.2 | 70.9 | 34.7 | 19.4 | 107.1 | 3.8 | 4.75 | 31.0 |

| **Yfirlit** | **D5 Botnflötur m²** | **D5M milliflötur m²** | **D7 op m²** | **D8 Brúttóflötur m² með V og F** | **D9 Brúttóflötur undir 1,8 m með V og F** | **D11 Brúttórúmmál m³** | **D12 Nettóflötur m²** | **D13 birt flatarmál m²** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| A rými | 70.9 | | | 70.9 | 10.2 | 224.5 | 60.1 | 60.7 |
| Svalir A lokun | | | | | | | | |
| B rými | | | | | | | | |
| C rými | 58.0 | | | | | | | |
| Fylgirými (F) | | | | | | | | |
| Afgangsrými (V) | | | | | | | | |
| Botnplata | | | | | | 14.2 | | |
| Samtals: | **128.9** | **0.0** | **0.0** | **70.9** | **10.2** | **238.7** | **60.1** | **60.7** |

Flatarmál nýtingarhlutfalls er A rými + B rými, undanskilið er brúttóflatarmál rýma með salarhæð lægri en 1,8 m, samkvæmt skipulagsreglugerð 2013 (breyting var gerð 2016). Notkun rýma hefur ekki áhrif á útreikning nýtingarhlutfalls.

| | m² | Lóð m² | Hlutfall |
|---|---|---|---|
| Flatarmál til útreiknings nýtingarhlutfalls | **60.7** | **0.0** | **0.00** |




## AFSTÖÐUMYND
Mkv. 1:2000




## KORTMYND
Ekki í kvarða

| | |
|---|---|
| HÖNNUÐUR BRUNAVARNA OG BURÐARVIRKIS | Sigurður U. Sigurðsson |
| HÖNNUÐUR AÐALUPPDRÁTTA | Sigurður U. Sigurðsson |
| HÖNNUNARSTJÓRI | Sigurður U. Sigurðsson |

# HVÍTUBORGIR Í GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPI - GISTIHVELFING

SIGURÐUR UNNAR SIGURÐSSON 290772-4279 VERKFRÆÐINGUR

## AÐALUPPDRÁTTUR

HANNAÐ/TEIKNAÐ: SUS DAGS: 01.03.2023 Mkv: 1:100 / 1:2000 á A1 TEIKN. NR: A01